

Gleðilega
páska

Skóla-akur

Vefrit um skólamál 6. tbl. 9. árg. 26. mars 2015



Myndir augnabliksins eru frá leiksýningu á leikskólanum Tröllaborgum.



Byrjendalæsi í Oddeyrarskóla.

Samþættingarverkefni í 3. og 4. bekk


Nemendur í 3. og 4. bekk unnu saman að stórskemmtilegu samþættingarverkefni í Byrjendalæsi, samfélagsgreinum, myndmennt, textílmennnt og upplýsingamennt. Grunnbókin sem unnið var út frá heitir *Gummi fer í fjallgöngu* eftir Dagbjörtu Ásgeirsdóttur. Einnig var unnið með *Komdu og skoðuðu fjöllin*, kortabækur og upplýsingar af netinu.

Markmiðin með verkefninu voru að:

- auka samvinnu árganga í þriðja og fjórða bekk
- auka lestrarfærni nemenda
- allir fengju námsefni við hæfi
- bæta ritun nemenda
- hvetja til sjálfstæðra vinnubragða og auka skapandi starf
- auka leshraða, lesskilning og lestrargleði

Nemendur útbjuggu sér verkefnaöppur sem þeir söfnuðu verkefnum sínum í. Hver hópur fékk sérstakt blað sem nemendur merktu inn á þegar þeir luku við hvert verkefni en það hjálpaði þeim að halda utan um námsframvindu þeirra. Mikil áhersla var á skapandi vinnu. Nemendur útbjuggu dúskafjall og teiknuðu mynd af fjalli sem þeir notuðu sem fyrirmynd til að þæfa listaverk eftir.

Það er skemmt frá því að segja að verkefnið lukkaðist virkilega vel. Nemendur voru áhugasamir og mikil námsgleði réði rikjum. Fleiri myndir frá verkefninu má sjá á: <http://oddeyrarskoli.is/>



Fyrirlestur í sal Brekkuskóla.

Fimmtudaginn 26. mars klukkan 20:00 verður fyrirlestur í Brekkuskóla sem ber heitir: „Ber það sem eftir er: Um sexting, hefndarklám og netið“ er fræðsla fyrir foreldra um öryggi barna í stafrænum samskiptum. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum ganga nektarmyndir af íslenskum börnum manna á milli á netinu, en lögreglunni hefur reynst erfitt að bregðast við vandamálinu. Dreifingin er stjórnláus og netið gleymir engu. Aðgangur er ókeypis og allir foreldrar, kennarar og aðrir sem áhuga hafa á málinu eru hvattir til að mæta á fyrirlesturinn, enda mikilvægt að kynna sér áskoranir þær sem fylgja tækninýjungum, jafnvel þótt börnin séu enn ung að árum. Fræðslan er í höndum Þórdísar Elvu Þorvaldsdóttur, höfundar verðlaunamyndanna "Fáðu já!" og "Stattu með þér!" sem notaðar eru í kennslu í grunnskólum landsins. Foreldrafélag Brekkuskóla og Samtaka

Frá Norrænu upplýsingaskrifstofunni.

Norrænn rithöfundaskóli 2. - 8. ágúst fyrir ungmenni á aldrinum 15 til 18 ára.

Lýðháskólinn Nordens folkhögskola á Biskops-Arnö í Svíþjóð býður ungmennum frá öllum Norðurlöndum að taka þátt í Norrænum rithöfundaskóla fyrir unglina. Námskeiðið er ókeypis og undir handleiðslu sjö norrænna rithöfunda sem sjá til þess að vikan sé hlaðin lestri, skriftum og samræðum um texta auk nýrra kynna. Umsóknarfrestur er til 12. apríl. Kynnið ykkur nánar [HÉR](#)

Sumarbúðir í Danmörku fyrir börn 11 – 14/15 ára. Fyrirhuguð er þátttaka í norrænum sumarbúðum í Hillerød í Danmörku í sumar. Norræna félagið í Ólafsfirði hefur skipulagt slíkar ferðir undanfarin ár. Sumarbúðirnar verða starfræktar frá 29/6.–4/7. júlí og þar koma saman 90 börn frá öllum Norðurlöndunum ásamt fararstjórum.

Umsóknarfrestur er til 20. maí. Sendið umsókn (fyrirspurnir) á netfangið kristinb@fjallabyggd.is

Skóla-akur er vefþimarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hríssey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.